




kvæmt sama erindi var árleg meðalfjárfesting í raforku og stóriðju um 850 milljónir króna og mannaflí um 950 manns. Í erindi Jóhanns var gert ráð fyrir því að stefna að 10 terawattstundum árið 2000 og þá mundi þurfa á móta fjármagn og á móta mannaflla áfram til að standa undir þeim framkvæmdum. En þetta mundi þýða lákkandi hlutfall af þjóðarframleiðslu. Og orkuframkvæmdir og stóriðja væri þá ekki vaxandi hluti í íslenskum þjóðarþússkap. Þetta sannar mér, að við stefnumótun er ekki bara óhátt heldur eðlilegt að miða við aukinn hraða og a.m.k. fjórföldun til stóriðju til aldamóta er hæfilegt markmið. Þetta ætti jafnframt að þýða það að þær þrjár virkjanir, sem mest eru umræddar að undanförunu og lengst eru komnar í undirbúningi ættu að komast í brúk á næstu 8 árum eða svo.

Ríkisstjórnin bar fram frum-

varp um raforkuver á Alþingi fyrir skömmu. Í því átti að birtast stefna ríkisstjórnarinnar eins og ykkur er öllum kunnugt reyndist vera sú að taka ekki ákvörðun um málið fyrr en í haust. Það sem í frumvarpinu fólst var einungis það að heimila eða látaast heimila eitthvað samkvæmt 1. gr. en taka síðan fram í 2. gr., að áður en til nokkurra ákvæðana eða framkvæmda kæmi, skyldi leggja málið aftur fyrir Alþingi. Þegar þessi mál voru til umræðu fjallaði þingflokkur Alþýðuflokksins um þau og markaði stefnu sína í þessum efnum. Og ég ætla að gera hér sérstaka grein fyrir því.

Í fyrstu er minnt á það, að án uppbyggingar á orkufrekum iðnaði sé allt tal um stórfelld virkjunaráform út í hött. Ef ekki sé ætlunin að reisa og reka iðjuver, sem byggja framleiðslu sína á stórnotkun raforku, sé engin ástæða til stórfelldra virkjunar-

framkvæmda. Virkjun orkunnar til að nýta orkufrek iðnaðartækifæri, eru á hinn bóginn álitlegasti valkosturinn, sem Íslendingar eiga til að treysta lífskjörin í landinu og fjölga atvinnutækifærum. Verði ekki þegar tekin upp sú stefna, þá má búast við vaxandi landflóttu og stöðnun í efnahagsmálum. Til þess að nýta þau tækifæri sem orkan í fallvötnunum veitir til að skapa hér betra og traustara þjóðfélag, þarf að fylgja fastmótaðri stefnu. Stefnan í málefnum orkufreks iðnaðar og í virkjunarframkvæmdum verður að fylgjast að. Þá segir: „Alþýðuflokkurinn telur brýnt, að þegar í stað verði teknar ákvarðanir um slíka stefnumörkun í stað þess úrræðaleysis sem ríkir. Alþýðuflokkurinn telur, að slík stefna eigi að fela í sér eftirfarandi meginþætti:

1. Samningagerð um sölu raforku til orkufreks iðnaðar verði falið sérstakri orkusölunefnd sem Alþingi kjósi, enda hefur iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin þegar sannað getu- og áhugaleysi sitt í þessum málum. Orkusölunefndin miði störf sín við að sala til orkufreks iðnaðar á m.k. fjórfaldist á næstu tveimur áratugum. Sérstaklega verði unnið að því að fljótlega risi eitt nýtt iðjuver á Austurlandi, eitt á Norðurlandi og eitt á Suðvesturlandi auk stækkana á þeim iðjuverum, sem fyrir hendi eru.
2. Virkjanaundirbúningur og framkvæmdir eiga að vera á hendi eins aðila, Landsvirkjunar, sem öllum sveitarfélögum landsins sé gert kleift að gerast aðilar að ef þau óska.
3. Til þess að geta nýtt þau tækifæri sem bjóðast og til að tryggja samfelldar virkjunarframkvæmdir, verði ávallt kappkostað, að á hverjum tíma séu fyrir hendi fullhannaðir virkjunarvalkostir, sem svara til a.m.k. 300 megawatta umfram þær virkjanir sem unnið er að á hverjum tíma.
4. Að Landsvirkjun verði þegar heimilað að reisa og reka eftirtalinn orkuver til viðbótar þeim sem þegar eru fyrir hendi: Nýjar virkjanir eða viðbætur við eldri orkuver við Tungnaár- og Þjórsársvæðinu með allt að 250 megawatta uppsett afli. 2. Blönduvirkjun. 3. Fljótsdalsvirkjun með þeim virkjunartölum, sem þar við eiga. Þá verði Landsvirkjun heimilað að gera stíflu við Sultartanga og gera þær ráðstafanir aðrar á vatnasvæðum ofan virkjananna, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra.
5. Við þær framkvæmdir sem þannig verði þegar heimilað að ráðast í, verði við það miðið í fyrsta lagi, að uppsett vélaafl á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu geti hafið raforkuframleiðslu á árunum 1983—1985. 2. Að Blönduvirkjun geti hafið orkuframleiðslu

1986. og 3. Að Fljótsdalsvirkjunarfangar komi inn í framleiðsluna á árunum 1987—1989.

6. Ef ekki nást samningar við landeigendur um virkjun Blöndu samkvæmt tillögum sem fyrir hendi eru eða tillögu 1 fyrir mitt sumar, þá verði Blönduvirkjun frestað en Fljótsdalsvirkjun flýtt að sama skapi.

7. Einungis verði vikið frá ofangreindri virkjunarstefnu, ef ekki nást samningar um hagkvæma orkusölu í samræmi við hana.”

Eins og þið sjáið af þessari ályktun þingflokks Alþýðuflokksins og stefnumörkun, þá er hér um ákaflega skýra og afdráttarlausa stefnu að ræða. Í fyrsta lagi teljum við einsýnt, að það verði að fela sérstakri nefnd að fara með raforkusölumálin vegna þess að þau hafa verið vanrækt. Í öðru lagi að virkjunarframkvæmdir skuli vera á hendi eins aðila, Landsvirkjunar, sem öll sveitarfélög landsins geti átt kost á að vera aðilar að. Í þriðja lagi, að hönnun sé þannig hagnað, að við getum gripið þau tækifæri sem gefast hverju sinni. Í fimmta lagi að tímasetja þær framkvæmdir, sem þegar eru nærtækastar og hafa það sem stefnulega viðmiðun og vinna að öflun stóriðjuvalkosta í samræmi við þá stefnu- mörkun. Með þessu móti væri höggvið á þann úrræðaleyishnútt, sem drepur nú öll virkjunarmál í dróma. Öllum máladeilum væri ljóst, hver stefnan er og allir gætu einbeitt sér að því að framkvæma verkin í stað þess að eyða kröftunum eða orkunni í orðagljáfur, skýrslugerð og tilgangslausa togstreitu eins og nú viðgengst fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar.

Í þessu máli hef ég ekki vikið að ýmsum öðrum þáttum, sem við leggjum ríka áherslu á og koma auðvitað fram í stefnu Alþýðuflokksins eins og ég rakti hana hér aðan. Ég á þar við hluti eins og náttúruvernd, umhverfismál og mengunarvarnir. Ég tel, að um það ríki svo almenn samstaða og svo ríkur skilningur, að það sé ekki ástæða til þess að fara um það mörgum orðum nema að í þeim efnum hljótum við að gera ítrustu kröfur. Og eins og segir í stefnu Alþýðuflokksins, að við hljótum að vera reiðubúin til þess að fórna vissum virkjunarmöguleikum og við höfum efni á því vegna náttúruverndarsjónarmíða.

Ég vil þá vikja að fjármögnunarþætti þessara virkjunarframkvæmda, þeirrar stefnu, sem Alþýðuflokkurinn hefur bobað. Ég hef þegar sýnt fram á það, að það mundi ekki vera svo aukin hlutdeild í þjóðarþússkap okkar, að þetta væri okkur verulegur baggi. En fjármögnun verður engu að síður að gerast að verulegu leyti fyrir innlent fé. Þess vegna höfum við Alþýðuflokksmenn lagt áherslu á, að fjárfestingarstefnunni yrði breytt og

sparnaður yrði aukinn. Það er m.a. af þeim sökum sem við höfum lagt svo ríka áherslu á raunvaxtastefnuna og það er af þessum sökum, sem við höfum bent á að stefnubreytingar væri þörf bæði í skipastólmálum og í landbúnaðarmálum, til þess að skapa svigrúm án þess að auka spennu til að ráðast í auknar virkjunarframkvæmdir. Og með raunvaxtastefnunni viljum við skapa þann sparnað, sem nauðsynlegur er til þess að ná hér innlendu fjármagni í þessar framkvæmdir og skapa þannig ekki verðbólgu-spennu. Það má segja, að Ólafur Davíðsson og Gylfi Þ. Gíslason hafi rætt einmitt um þennan vanda. En það er engin tilviljun, að stefna Alþýðuflokksins í atvinnumálum tengist saman með þessum hætti. Hér er um heilsteypa stefnu að ræða í landbúnaðarmálum, í sjávarútvegs- málum, í orkumálum og í efnahagsmálum almennt og þá sérstaklega að því er varðar raunvaxtastefnuna. Sannleikurinn er líka sá, að raunvaxtastefnan er kannske það eina nýja, sem hefur komið fram í efnahagsmálum á undanförunum áratug, og hún er líka að fara að skila árangri núna og ég hvet ykkur öll til þess að standa vörð um hana, einkanlega með tilliti til þeirra úrtölumanna, sem nú fara með stjórn landsins.

Það að stjórna þýðir það, að það verður að taka ákvarðanir, stefnu verður að móta. Menn mega ekki veigra sér við því. Stjórnmalamennirnir eru til þess að taka ákvarðanir, til þess að móta stefnu. Það er sérstaklega hættulegt í þjóðfélagi eins og hinu íslenska, sem hefur svo miðstýrða fjárfestingarstjórn þegar menn veigra sér við að taka ákvarðanir, veigra sér við að velja og hafna og bæta kannski bara hrúgu á hrugu ofan. Það er af þessum sökum sem við Alþýðuflokksmenn höfum talið það rétt og reyndar skyldu okkar að marka afdráttarlausa stefnu, ekki bara í þeim málaflokki sem hér um ræðir, orkumálum eins og ég hef hér rakið, heldur líka í öðrum atvinnumálum og efnahagsmálum almennt. Það er ekki gert af harðygi eða illvilja, heldur af því að við teljum það rétt og nauðsynlegt. Þetta eru ekki loftkastalar, þetta er samræmd stefna þar sem einn þáttur fellur að öðrum. Við horfum á hagsmunir heildarinnar. Við teljum, að undanlátssemi og það að láta reka á reibanum verði að hverfa, að slappleiki og reddingar eigi ekki að vera það sem einkennir íslensk stjórnmal.

Ég get þess hér í upphafi máls míns, að menn hefðu talað um þörf fyrir ákvarðanatöku og ákvarðanir þyrfti að taka og stefnu að móta í næstum því öllu sem menn töluðu um. Við Alþýðuflokksmenn höfum verið reiðubúnir í þeim efnum.

Tekist hefur mjög gott samstarf með MFA og „Visnavin- um”. Hefur það samstarf komið að góðum notum því reynslan hefur sýnt að fólk kann vel að meta heimsóknir „Visnavina” á vinnustað sinn og hlýða á söng þeirra og hljóðfæraleik.

Samstarf MFA og verkalyðsfélaganna varðandi vinnustaðaheimsóknir hefur verið með ágætum. Samskipti og samvinna við verkalyðsfélagin vegna þessara væntanlegu vinnustadaheimsókna „Visnavina” út um land hafa og verið með miklum ágætum. Þá hafa undirtektir ráðamanna í þeim fyrirtækjum sem hefur verið leitað til í sambandi við vísna- sönginn verið góðar.

A söngskemmtunum munu „Visnavinir” kynna MFA og starfsemi þess og dreifa upplýsingabæklingum m.a. um Félagsmálaskólann.

Þessir vísnavinir taka þátt í „Visnavinir á vinnustöðum”: Aðalsteinn Asberg Sigurbsson Bergþóra Arnadóttir Eyjólfur Kristjánsson Gísli Helgason Ingi Gunnar Jóhannsson Örvar Aðalsteinsson

Styrkir til listamanna

Í fjárlögum 1981 eru ætlaðar kr. 765.000 til starfslauna listamanna. Starfslaunin miðast við byrjunarlaun menntaskólakennara.

Umsóknir voru að þessu sinni 65 að tölu.

Þessir hlutu starfslaun, samtals 26:

8 mánaða laun: Jón Þórarinnsson til að vinna að tónverkum, Leifur Þórarinnsson til að vinna að óperu, Tryggvi Ólafsson til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu.

6 mánaða laun: Ásgerður Búadóttir til að vinna að myndvefnaði og undirbúa sýningu, Jóhannes Helgi til að skrifa leikrit fyrir sjónvarp og vinna að þýðingum, Jón Reykadal til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Helgi Þorgils Friðjónsson til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Sigurður Jakobsson til að vinna að myndlist og undirbúa

sýningu, Snorri Sigfús Birgisson til að vinna að tónverkum.

3ja mánaða laun: Agust Petersen til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Arni Blandon Einarsson til að vinna að leikhúsverki, Arni Ingólfsson til að vinna að myndlist og félagsmálum myndlistar- manna, Áslaug Ragnars til að skrifa skáldsögu, Gunnar R. Bjarnason til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Gunnlaugur St. Gíslason til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Haukur Dór Sturluson til að vinna að myndlist og undirbúa sýningu, Helgi Gíslason til að vinna að höggmyndalist, Indriði Ólfsson til að skrifa skáldsögu, Jóhanna Bogadóttir til að vinna að myndlist, Jón E. Guðmundsson til að vinna að leikbrúðgerð, Ólafur Lárusson til að vinna að myndlist, Sigríður Björnsdóttir til að vinna að myndlist, Sigurlaug Jóhannesdóttir til að vinna að myndvefnaði og undirbúa sýningu, Stein- ar Sigurjónsson til að skrifa leikrit, Steinn Þórarinnsson til að vinna að myndlist, Þórunn Sigurðardóttir til að skrifa leikrit og sviðsetja það.

Úthlutunarnefnd skipuðu Magnús Þórðarson, Thor Vilhjálmsson og Runólfur Þórarinnsson formaður.

Nokkur ágreiningur varð í nefndinni um einstaka úthlutun.

Þróun í málum heyrnarlausra

Félag heyrnarlausra var stofnað 11. febrúar 1960. Starfsemi félagsins hefur farið vaxandi með árunum og hefur aldrei verið meiri en nú.

Árið 1977 festi félagið kaup á húsnæði við Skólavörðustíg 21, 2. hæð og stendur nú yfir standsetning á húsnæðinu.

Félagið er aðili að norrænu samstarfi og hefur það orðið mikil lyftistöng fyrir þróun félagslífsins.

Gefin hefur verið út Tákn- málsbók, með tæpum 1500 tákn- um. Nú er unnið að skrásetningu fleiri tákna og er miðað að því að standa jafnfætis Norðurlöndunum á þessu sviði.

Þá hefur félagið mikinn

áhuga á, að hér á landi verði til- tækir táknmálstúlkar, þannig að heyrnarlaust fólk geti tekið þátt í fundum og ráðstefnum á jafnréttisgrundvelli á við heyr- andi fólk. A meðan félagið vant- ar tülka er þetta ekki hægt.

Þá rekur Félag heyrnar- lausra, í samstarfi við Foreldra- og styrktarfélag heyrnar- daufra, skrifstofu í Félagsmið- stöðinni að Skólavörðustíg 21 og er þar veitt þjónusta við heyrn- arlausa eftir því sem hægt er hverju sinni.

Framkvæmdir félagsins við endurbætur húsnæðis hafa verið kostnaðarsamar, en fjármögnun þess byggist að langmestu leyti á happdrætti.

Er nýlega hafin sala á happ- drættismíðum og treystir Félag heyrnarlausra á stuðning sam- borgaranna nú sem fyrr. Stuð- ingsmönnum færir félagið bestu þakkir fyrir stuðning á liðnum árum.

Sýning „Þróun í málum heyrnarlausra í 114 ár” er framlag félagsins í tilefni ALFA árs.

Núverandi formaður félags- ins er Hervör Guðjónsdóttir.